

# Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir

biður um stuðning þinn í

## 5.–7. sæti

í prófkjöri

Samfylkingarinnar í Reykjavík

Stjórnsýslufræðingur, PhD og félagsráðgjafi  
Bragagötu 24, 101 Reykjavík

Netfang: [s.sigurgeirsdottir@simnet.is](mailto:s.sigurgeirsdottir@simnet.is)

Heimasíða: [www.sigurbjorg.is](http://www.sigurbjorg.is)



## Vandinn í hnotskurn og áskorun næstu ríkisstjórna

Í kjölfar bankahrunsins hafa verkefni ríkisins stóraukist og ábyrgð hins opinbera er mikil við endurreisn efnahagslífsins. Bráðavanda heimilanna og fyrirtækjanna í landinu þarf að leysa eigi síðar en núna en þó án þess að missa sjónar af því sem framtíðin kann að bera í skauti sér. Tryggja þarf að **stjarnfræðilegar eignatilfærslur** sem fylgja fjármálahruni af þessu tagi leiði ekki til þess að réttlætiskennd þjóðarinnar verði svo misboðið að samfélagsleg upplausn taki við. Það er ábyrgð stjórnvalda að standa vörð um **félagslega samstöðu** þjóðarinnar með því að sjá til þess að hér í þessu fámenna landi muni áfram búa fólk sem vill og getur búið saman í sátt og samlyndi. Þetta er forsenda þess að hér verði norrænt velferðarsamfélag. Jafnaðarstefnan er sú stefna sem best getur tryggt félagslega samstöðu þjóðarinnar til lengri tíma.

Aukið hlutverk hins opinbera í kjölfar bankahrunsins kallar á meira **gegnsæi innan stjórn-sýslunnar og skýrari pólitíska ábyrgð stjórnvalda**. Aðkoma hins opinbera er eitt, en flokkspólitísk afskipti annað. Skipulögð aðkoma hins opinbera tryggir með gegnsæjum hætti hina pólitísku ábyrgð gagnvart almenningi meðan flokkspólitísk afskipti hygla sérhagsmunum á kostnað almannahagsmuna.

**Stjórnsýsluumbætur** er hér annað orð fyrir „**spillingin burt**“. Pólitískar ráðningar og einkavinavæðing innan stjórnsýslunnar er spilling. Slík spilling skapar aðstöðumun einstaklinga og hópa í samfélaginu sem aftur leiðir af sér félagslega fátækt, ójöfnuð og óréttlæti. Spilling kemur í veg fyrir að landsmenn búi við jöfn tækifæri. Spilling þrífst í skjóli þöggunar og ótta þeirra sem óttast atvinnumissi eða útilokun frá tækifærum. **Gagnrýnin hugsun og gegnsæi** eru verstu óvinir spillingar. Stjórnmalamenn og embættismenn eiga að tileinka sér gagnrýna hugsun, og kunna að vinna úr og nýta gagnrýni sem nýja þekkingu í þágu þróunar og umbóta. Þöggun skapar ástand sem er lýðræðinu hættulegt og á stóran þátt í þeim vanda sem nú blasir við í íslensku efnahags- og fjármálalífi. Stjórnsýsluumbætur auka jöfnuð í samfélaginu. Jöfnuður í samfélaginu er eitt af aðal baráttumálum Samfylkingarinnar.

Það biður nú stjórnmalamanna að byggja upp trúverðugleika og **vinna aftur traust þjóðarinnar**. Til þessa verkefnis þarf valið lið stjórnmalamanna. Það þarf stjórnmalamenn sem geta talað og samið jafnt við landsmenn hér heima sem og leiðtoga erlendra ríkja, stjórnmalamenn sem geta horfst í augu við þig og fengið þig til að treysta því að hann eða hún láta sig varða um afkomu þína og framtíð og að heilindi búi þar að baki.

## Helstu stefnumál og áherslur

Nái ég kjöri mun ég leggja höfuðáherslu á eftirfarandi stefnumál:

### a. Endurreisn efnahags- og atvinnulífsins er óhugandi án náinnar alþjóðlegrar samvinnu.

Sjálfstæði lítilla þjóða getur verið betur borgið í samstarfi margra ríkja innan ríkjasambanda en í tvíhliða samvinnu tveggja þjóða. Hefja á strax að loknum kosningum undirbúning að aðildarviðræðum um inngöngu í Evrópusambandið með upptöku Evru og bera niðurstöður viðræðna undir þjóðina. Skýr skilaboð út í alþjóðasamfélagið um það hvert Ísland er að stefna gefur öðrum þjóðum vissu um það hvað hér tekur við og það mun hraða endurreisn. Endursérhæfing atvinnulífsins þarf að byggja á frumframleiðslugreinunum, nýtingu allra auðlinda lands og sjávar sem eiga að vera sameign þjóðarinnar, svo og á því hugviti sem hér hefur blómstrað hjá Íslendingum heima og heiman. Taka á kvótann heim og bjóða hann upp til leigu með reglulegu millibili og láta afraksturinn renna til þjóðarbúsins.

### b. Varðveita aðgengi, jöfnuð og öryggi íslenska heilbrigðiskerfisins.

Hefja þarf skipulagða forgangsröðun verkefna innan heilbrigðisþjónustunnar með þeim hætti að aðgengi, jöfnuður og öryggi þjónustunnar séu tryggð og gæði hennar jöfn fyrir alla. Þetta er hægt á Íslandi vegna þess að rannsóknir benda til þess að draga megni úr kostnaði við þjónustuna án þess að árangur skerðist. Niðurskurður á umliðnum árum hefur verið í formi aðhalds og sparnaðar meðan kerfið í heild sinni hefur verið að vaxa. Skipulögð forgangsröðun verkefna þarf að gera ráð fyrir aðferðarfræði sem byggir á nánun samstarfi stjórnvalda við stofnanir, starfsfólk og not-

endur þjónustunnar. Hér má læra af öðrum þjóðum og finna samfélagslegar lausnir fyrir Ísland.

### c. Stjórnsýsluumbætur.

Með stjórnsýsluumbótum á Íslandi þarf að tryggja að ráðningar í embætti og ábyrgðarstöður innan stjórnsýslunnar verði í höndum fagleggrar skrifstofu innan stjórnarráðsins sem vinni undir eftirliti þingskipaðrar nefndar. Þessi skrifstofa beri jafnframt ábyrgð á því að stjórnsýslan/ráðuneytin hafi ávallt að skipa þeirri þekkingu sem þarf til að tryggja getu og hæfni stjórnsýslunnar hverju sinni.

### Það sem skiptir máli

Traust og gott samstarf þarf að vera milli þjóðar og þings. Þeir sem veljast til þingstarfa nú þurfa að gera sér grein fyrir því að þeir eru ekki að koma inn á vettvang stjórnmalanna til að vinna sér til vinsælda. Hér þarf stjórnmalamenn með kjark og þrautseigju; stjórnmalamenn sem með hæfilegri auðmýkt og skilningi á stöðu þjóðarinnar í samfélagi þjóðanna geta skapað trú á

### Hver er ég?

landið, þjóðina og stjórn þess bæði hér heima og erlendis. Ég er fædd 1955 á Litlu Fellsöxl í Skilmannahreppi en hef lengst af búið í Reykjavík. Ég var gift Sigursteini Gunnarssyni tannlækni sem lést í Reykjavík 1997. Frá 1998 til 2007 var ég við nám og störf í London. Unnusti minn er Robert Hunter Wade prófessor í stjórnmálahagfræði við London School of Economics.

Ég er svo lánsöm að búa að góðum undirstöðum, þökk sé íslensku mennta- og velferðarkerfi, víðtækri starfsreynslu og sýn sem líf og störf hér heima og erlendis hafa gefið mér. Ég vísa á nánari upplýsingar um mig í starfsferilskrá á heimasíðu minni [www.sigurbjorg.is](http://www.sigurbjorg.is).



Nánari upplýsingar um Sigurbjörgu er að finna á heimasíðu hennar:

[www.sigurbjorg.is](http://www.sigurbjorg.is)

Sigurbjörg verður á kosningaskrifstofu Samfylkingarinnar á Skólalbrú vikuna 9.–13. mars á milli kl. 5–7 fyrir þá sem vilja hitta hana og ræða stefnumál hennar og áherslur.